

Samfélagsfræði 7. bekkur

Kennari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir
Kennslustundir: 4 stundir á viku í samkenndu með 8. bekk

Námsefni:
Grunnefni: Ég og samfélagið
Annað: Fjölbreytt verkefni frá kennara og verkefni í Kötlumixi

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Námsflokkur	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnulag samfélagsgreina	Geta útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina. Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar. Geta metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir. Geta spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum málefnum á fjölbreyttan hátt.		Kaflapróf Annarpróf Kynningar Mat á vinnubrögðum Ritgerðarsmíð Sjálfsmat nemenda Virgni í einstaklings- og hópavinnu

	Geta tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.		
Sjálfsmynd	Geta lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu. Geta rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir. Geta lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. Geta lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska. Geta gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt. Geta borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt. Geta lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra. Geta beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og		

	áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans. Geta gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.		
Siðferði og trú	Geta dregið fram ólíkan bakgrunn fólks, og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði. Geta rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. Geta gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heimsins. Geta borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf á áhrif þeirra á líf fólks.		
Borgaravitund	Geta rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. Geta rætt um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.		

	Geti fjallað um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga. Geta lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi. Geta gert sér grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnana samfélagsins. Geta gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu. Geta áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins. Geta séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni. Geta gert sér grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtt í daglegu lífi. Geta sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti.		
Saga	Geta metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð. Geta gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og		

	margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum. Geta greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði. Geta fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags. Geta fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar. Geta áttað sig á að sagan hefur mótagast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum. Geta útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.		
Jörðin okkar	Geta notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort. Geta varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni. Geta skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika. Geta lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu,		

	förgun, endurvinnslu og kolefnisspor. Geta skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi. Geta fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér. Geta skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.		
--	---	--	--

Skipulag kennslunnar

Kennari leggur inn efni og fer yfir og ræður nýtt efni með nemendum.

Í hverri viku fá nemendur vikuáætlun sem á að klára í kennslustundum. Ekki er gefið sérstakt heimanám, en þeir nemendur sem komast ekki yfir vikuáætlun í skólanum þurfa að klára þeirri vinnu heima eða gefst tækifæri til að leysa því eftir skóla undir eftirliti kennarans ákveðna daga vikunnar.

Nemendur eru hvattir til að vinna sameiginlega að lausnum verkefna og vinna stundum með ákveðið viðfangsefni í skipulagðri hópavinnu.

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Matstæki kennara eru t.d. kannanir, kynningar, vinnubrögð, ritgerðarsmíð, sjálfsmat nemenda og virkni í einstaklings- og hópavinnu.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.

Námsáætlun 8.bekkur 2025 - 2026:

Dagssetningar	Viðfangsefni	Annað
25. – 29. ágúst	Ég og samfélagið 1. kafli + verkefni	
1. – 5. sept	Ég og samfélagið 1. kafli + verkefni	
8. – 12. Sept.	Ég og samfélagið 2. kafli + verkefni	
15. – 19. sept	Ég og samfélagið 2. kafli + verkefni	
22. – 26.sept Erasmus+	Ég og samfélagið 3. kafli + verkefni	
29.sept. – 3.okt.	Ég og samfélagið 3. kafli + verkefni	
6. - 10. Okt. Kennaraping Regnboginn	Ég og samfélagið 4. kafli + verkefni	
13. - 17.okt. Dansvika	Ég og samfélagið 4. kafli + verkefni	
20. – 24.okt. Foreldradagur	Ég og samfélagið 5. kafli + verkefni	
27. – 31.okt Hrekjavaka	Ég og samfélagið 5. kafli + verkefni	
3. – 7.nóv. Starfsdagur (mán)	Ég og samfélagið 6. kafli + verkefni	
10. – 14.nóv. Kaffihúskvöld	Ég og samfélagið 6. kafli + verkefni	
17. – 21. nóv	Ég og samfélagið 7. kafli + verkefni	
24. – 28.nóv. Eldvarnarvika	Ég og samfélagið 7. kafli + verkefni	
1. – 5.des	Ég og samfélagið 8. kafli + verkefni	
8. – 12.des	Ég og samfélagið 8. kafli + verkefni	
15. - 18.des	Jóladagskrá	